



Fimmtudaginn 28. apríl 2011 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 16.00 á skrifstofu sveitarfélagsins á Húnavöllum.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Fanney Magnúsdóttir, Þorkell Ingimarsson, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Birgitta H. Halldórsdóttir, Jóhanna G. Jónasdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir og Jens P Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Umsóknir um starf skólastjóra.
3. Önnur mál.
4. Fundarslit.

1. Fundarsetning.

Formaður fræðslunefndar setti fund kl. 16.05
Sveinfríður Halldórsdóttir og Bjarni Ragnarsson boðuðu forföll.

2. Umsóknir um starf skólastjóra.

Borist hafa umsóknir frá eftirfarandi aðilum í starf skólastjóra við sameinaða skólastofnun á Húnavöllum:
Berglind Hlín Baldursdóttir, kt. 161080-4549, Grundargerði 2i, Akureyri
Bergljót Kristín Ingvadóttir, kt. 030556-5509, Dvergholti 10, Mosfellsbæ
Sigríður Bjarney Aadnegard, kt. 120263-2509, Blönduósi
Þorkell Ingimarsson, kt. 051153-4139, Húnavöllum.

Formaður kynnti umsóknirnar. Fræðslunefnd mun fara betur yfir starfsumsóknir og afgreiða síðan álit sitt til hreppsnefndar. Gert er ráð fyrir að allir umsækjendur verði boðaðir til viðtals n.k. mánudag frá kl. 14.00
Trausti Þorsteinsson frá Háskólanum á Akureyri mun verða fræðslunefnd til aðstoðar við val á umsækjanda.

Samþykkt var með fjórum atkvæðum að Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason og Eline Manon Schrijver fulltrúar fræðslunefndar, ásamt Trausta Þorsteinssyni sérfræðingi frá H.A, taki viðtöl við umsækjendur.

3. Önnur mál.

Þorkell Ingimarsson mætti til fundar.

Jóhanna leggur til að það verði skoðað að opnunartími leikskóla fylgi meira starfstíma grunnskóla en verið hefur. Eins og staðan er núna þá er t.d. gert ráð fyrir að börnin verði aðeins tvö í júní mánuði.

Þorkell lagði fram skóladagatal Húnavallaskóla 2011-2012. Gert er ráð fyrir að skóladagatalið verði afgreitt frá fræðslunefnd á næsta fundi nefndarinnar.

Þorkell lagði fram tillögu að kennslustundakvóta skólaárið 2011-2012. Fræðslunefnd mun afgreiða málið á næsta fundi sínum.

Helga Gunnarsdóttir hefur sagt upp starfi sínu við Húnavallaskóla.

Þorkell lagði fram eftirfarandi bókun: Skólastjóri, fulltrúi kennara og fulltrúi foreldra voru ekki boðaðir á fund fræðslunefndar sem haldinn var á skrifstofu Húnavatnshrepps þann 31. mars s.l.

Við boðun fundarins hefur því ekki verið farið að lögum um grunnskóla nr. 91. frá 12. júní 2008.

Fram kom að boðun fundarins var á ábyrgð sveitarstjóra og formanns fræðslunefndar.

4. Fundarslit.

Fundargerð upplesin og samþykkt og fundi slitið kl. 17.50